

Skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*)

Enska; Creeping bentgrass, danska; Krybhvene, norska; Krypkeivin, sænska; Krypven

Tegundalýsing og kjörlendur

Skriðlíngresi er lágvaxið, fjölært, jarðlægt og oft afar skiðult en fjölbreytilegt puntgras. Punturinn er þéttur, mjög fingerður og rauðbrúnleitur. Axagnir eru 3-3,5 mm langar. Smáox eru einblóma. Stönglar grannir, jarðlægir til uppréttir. Blöðin eru fremur ljósgræn, mjúk, flöt og lensulaga. Það breiðir úr sér með mjög löngum ofanjarðarrenglum ef vaxtarskilyrði leyfa.

Skriðlíngresi er mjög algeng grastegund sem vex í allt að 950 m.y.s. Kjörlendi eru hálfdeigjur, blautar áreyrar og tjarnarbakkar en einnig í þurrlendi og rakaheldnum tünnum og vex þá í þéttum breiðum.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Skriðlíngresi er ekki ræktað sem fóðurgras en þykir gott flatargras á golfvelli. Áður fyrr var það með mikilvægustu fóðurgrösunum enda mjög harðgert og getur gefið þokkalega uppskeru. Það er seint til á vorin en vex lengi fram eftir hausti. Uppspera og fóðrunarvirðið í samanburði við önnur fóðurgrös er undir meðallagi.

